

2005



Árið í hnotskurn



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
2005



Verðum enn sterkari saman

Undanfarin ár og misseri hefur fjarað nokkuð undan samfélagslegum gildum í íslensku samfélagi. Það umrót sem hefur verið í atvinnulífinu og þjóðfélaginu öllu – m.a. vegna áhrifa frá alþjóðavæðingu og hröðum tæknibreytingum – hefur gert það að verkum að áhrif verkalyðshreyfingarinnar eru ekki jafn skýr og stundum áður.

Ekki síst af þessum ástæðum var ákveðið á síðasta ársfundi Alþýðusambands Íslands að setja af stað sérstaka vinnu undir yfirskriftinni Staða og starfshættir verkalyðshreyfingarinnar. Þá lá ekki fyrir nein fullmótuð tillaga um hvernig nákvæmlega yrði farið í verkefnið, að öðru leyti en því að afrakstur þeirrar vinnu sem farið yrði í, yrði lögð fyrir ársfund 2005.

Við lögðum af stað með miklar fyrirætlanir og háleit markmið. Eftir því sem vinnunni hefur undið fram, hefur verkefnið hlaðið utan á sig og orðið jafnvel enn stærra í sniðum en við gerðum ráð fyrir í upphafi. Ekki hefur heldur verið slegið af markmiðunum, því þau eru bæði orðin skýrari og markvissari.

Við erum sterk – og við erum sterkari saman. Um það efast enginn. Við ætlum hins vegar að gera enn betur og stórauka styrk verkalyðshreyfingarinnar. Við ætlum að leysa úr

læðingi það afl sem í henni býr. Við ætlum að gera öllum það ljóst, að þau grundvallarsjónarmið sem verkalyðshreyfingin stendur fyrir verða ekki sniðgengin. Það er nefnilega þannig, að það er ekki nóg að búa yfir mögulegum styrk. Hann verður ekki raunverulegur nema allir aðilar trúir því að honum verði beitt ef á þarf að halda.

Þá er ekki einungis verið að vísa til þess að viðsemjendur hafi trú á því – heldur ekki síður við sjálf. Við erum ekki sterk nema við höfum trú á því að við getum beitt aflinu – og séum reiðubúin til þess.

Það er ekki nóg að hafa vitund um að vera sterkari saman – við verðum að vera reiðubúin til að stíga næsta skref og verða sterkari saman. Ég er sannfærður um að við nálgumst þann tímamunkt óðfluga. Jarðvegurinn er frjór og þörfin brýn. Ég er þess fullviss að eftir ársfundinn 2005 verðum við tilbúin til að vinna þau verk sem þarf að vinna til að svo megi verða.

Við erum sterk og við erum reiðubúin til þess að verða sterkari saman.

„Við ætlum að gera öllum það ljóst, að þau grundvallarsjónarmið sem verkalyðshreyfingin stendur fyrir verða ekki sniðgengin.“



Sviptingar á húsnæðismarkaði

Miklar sviptingar hafa verið á húsnæðismarkaði síðustu misseri. Eftir að Íbúðalánasjóður breytti lánaþyrirkomulagi sínu um mitt ár 2004 og bankar og aðrar lánastofnanir komu inn á markaðinn, hafa veðheimildir rýmkað, vextir lækkað og húsnæðisverð rokið upp. Kaup á húsnæði er stærsta fjárfestingin sem flest heimili leggja út í. Breytingar á húsnæðiskerfinu og/eða á húsnæðismarkaði geta því haft veruleg áhrif á ráðstöfunartekjur fólksins í landinu. Hagdeild ASÍ fylgist grannt með þróuninni á þessu sviði og hefur metið áhrif breytinganna á kjör einstakra þjóðfélags hópa.

Áhrif breytinganna eru margslungin. Á móti lækkun vaxta verður nefnilega að taka með í reikninginn ýmis neikvæð hliðaráhrif húsnæðisverðshækkanna, svo sem lækkun vaxtabóta vegna hraðari eignamyndunar, hækkun fasteignagjalda, meiri verðbólgu og hærri afborganir verðtryggðra lána. Einnig verður að taka tillit til þess að hækkun húsnæðisverðs er líkleg til þess að leiða til hækkunar húsaleigu síðar. Til einföldunar má draga upp mynd af heildaráhrifum breytinganna á íbúðalánamarkaði annars vegar fyrir húsnæðiseigendur og hins vegar fyrir leigjendur.

Heildaráhrif breytinganna eru einna hagstæðust fyrir þá eigendur sem eru með tiltölulega háar tekjur og eiga orðið stóran hluta húsnæðis síns skuldlaust – en mun óhagstæðari og jafnvel íþyngjandi fyrir aðra, t.d. margt ungt fólk sem er að kaupa sitt fyrsta húsnæði svo og sumt verkafólk sem keypti íbúð með dæmigerðu láni frá Byggingasjóði verkamanna áður en hann var lagður niður. Rétt er að hafa í huga að sumar veðlánastofnanir sem keppa nú við Íbúðalánasjóð setja ströng skilyrði um að lántakandi sé með önnur fjármálaviðskipti hjá sér. Þetta er áhyggjuefni þar sem slík skilyrði draga úr möguleikum fólks til að

bregðast við breyttum aðstæðum, t.d. ef gjaldskrá fyrir aðra þjónustu en veðlán hækkar.

Heildaráhrif breytinganna á íbúðalánamarkaði virðast geta orðið mjög neikvæð fyrir marga leigjendur. Þannig er líklegt að hátt fasteignaverð miðað við húsaleigu leiði til þess að eigendur leiguhúsnæðis noti tækifærið og annað hvort hækki leiguna eða hreinlega selji eignir sínar út af leigumarkaðnum. Við þetta bætast áhrifin af nýrri áherslu á húsaleigubætur til einstaklinga fremur en uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Hættan er sú að verið sé að vísa einstaklingum sem oft búa við hvað verstu kjörin á grunnan leigumarkað þar sem verð getur skyndilega þotið upp þegar húsnæði er selt út úr honum.





Alþjóðavæðing samstöðunnar

Verkalýðshreyfingin er að eðli og uppruna alþjóðleg hreyfing. Alþýðusamband Íslands hefur því alla tíð verið virkur þátttakandi í erlendu samstarfi. Á síðari árum hafa alþjóðavæðingin og þróun Evrópusamvinnunnar sett mikilvægi starfs á alþjóðavísu í enn frekari brennidepil.

Alþjóðavæðingunni fylgja ný viðfangsefni, ýmsar hættur, en jafnframt margvíslegir möguleikar og tækifæri fyrir launafólk. Ennfremur hefur aðild Íslands að EES-samningnum og hinum sameiginlega vinnumarkaði, gert það að verkum að þátttaka samtaka launafólks í alþjóðastarfi hefur orðið enn mikilvægari og viðfangsefnin nærtækari í daglegum störfum okkar.

Með þátttöku sinni í starfi norræna verkalýðssambandsins (NFS), Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) og ráðgjafarnefndar EFTA, taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta stefnu og áherslur er varða samþættingu efnahagsatvinnu- og félagsmála í Evrópu. Þessum áherslum höfum við síðan reynt að fylgja eftir heima fyrir.

Alþýðusambandið hefur tekið mikinn og virkan þátt í störfum Alþjóðavinnuáráðs (ILO) og m.a. farið þar fram með mál er varða atlögu íslenskra stjórnvalda að rétti fiskimanna á Íslandi til að semja um kaup og kjör. Íslensk stjórnvöld hafa vegna þessara mála verið snúruð fyrir framgöngu sína þegar þau settu lög á kjaradeilu sjómanna.

Í desember 2004 var 18. þing Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga, ICFTU, haldið í Japan. Fyrir þinginu lá að taka afstöðu til tillagna um róttæka umbyltingu á starfi og skipulagi hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar, breytinga sem miða að því að gera starfið skilvirkara og auka slagkraftinn.

Á þinginu voru teknar ákvarðanir sem miða að því að öll alþjóðleg samtök launafólks sameini krafta sína undir merkinu Global Unions og í því sambandi hafa ICFTU og heimssamband kristilegra stéttafélaga, WCL, stigið markviss skref í átt að sameiningu. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir að svæðasambönd verði áfram til, þá verði þau í nánara sambandi við skipulag hinna alþjóðlegu samtaka og að framkvæmdastjórar svæðasambandanna verði skilgreindir sem aðstoðarframkvæmdastjórar alþjóðasambandsins.

Þessari vinnu miðar vel áfram og allt eins má búast við að þingið í Japan verði síðasta þing ICFTU og að ný alþjóðleg samtök launafólks líti dagsins ljós á næsta ári – 2006. Lykilorðið í þessari vinnu allri er Alþjóðavæðing samstöðunnar og er með því lögð áhersla á að aðeins þannig geti verkalýðshreyfingin mætt neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar og aukinnar samkeppni.





Mikilvægur áfangi

Velferðarnefnd ASÍ er vettvangur umfjöllunar um velferðarmál innan Alþýðusambandsins. Í starfi sínu byggir nefndin á þeirri stefnu sem ASÍ hefur mótað í velferðarmálum, *Velferð fyrir alla*. Síðastliðið ár hefur hún stutt við bakið á fulltrúum ASÍ í þremur opinberum nefndum: Nefnd sem falið var að finna leiðir til að auka rétt foreldra á vinnumarkaði til að sinna langveiku barni; nefnd um endurskoðun lyfjalaga; og nefnd um endurskoðun heilbrigðislaða. Auk Velferðarnefndarinnar vinna einstakar deildir á skrifstofu ASÍ að ýmsum velferðarmálum. Hagdeildin hefur t.d. fylgst náið með þróun húsnæðismála síðustu misseri.

Langveik börn

Nýlega hefur lokið störfum opinber nefnd kannað hvernig nætti tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu vegna langvarandi veikinda barns. Alþýðusambandið átti fulltrúa í nefndinni og hinn 2. febrúar 2005 kynnti hann niðurstöður og væntanlegar tillögur hennar fyrir Velferðarnefnd ASÍ. Fram kom, að 61% mæðra og 19% feðra lögðu tímabundið niður störf eftir að barn greindist langveikt. Þeir foreldrar sem lögðu niður störf tímabundið voru að meðaltali í sex mánuði frá störfum eftir að barnið greindist langveikt. Til að mæta vinnutapinu eiga þeir aðeins rétt á 7-10 dögum á launum frá atvinnurekanda. Eftir það verða þeir að reiða sig á dagpeninga úr sjúkrasjóðum og umönnunargreiðslur frá Tryggingastofnun. Foreldrar langveikra barna eiga því á hættu að lenda í u.þ.b. sex mánaða "kítisku tímabili" þar sem þeir verða fyrir vinnutapi, tekjumissi og – ef þeir detta út af vinnumarkaði – réttindamissi.

Tillögur hinnar opinberu nefndar gengu m.a. út á að tekinn yrði upp svokallaður umönnunarlífeyrir. Með þessu væri komið á fót tryggingavernd í þremur stigum: Á fyrsta stiginu (fyrstu 7-10 dagana) væri verndin fólgin í launagreiðslum frá atvinnurekanda. Á öðru stiginu (frá því launagreiðslum lýkur út þriðja mánuðinn) er gert ráð fyrir að verndin sé fólgin í samspili dagpeningagreiðslna sjúkrasjóða og umönnunargreiðslna Tryggingastofnunar. Á þriðja stiginu (frá lokum þriðja mánaðar út 6.-12. mánuðinn) væri verndin fólgin í samspili sérstaks umönnunarlífeyris og umönnunargreiðslna. Skilyrði fyrir umönnunarlífeyrinum er að foreldri leggi niður launað starf. Lífeyririnn verður samt starfstengdur, þannig að greidd verða af honum launatengd gjöld, þ.m.t. framlag í sjúkrasjóð. Þannig er hægt að stuðla að því að fólk haldi tengslum við vinnumarkaðinn jafnvel þó það þurfi að hverfa frá vinnu í allt að eitt ár.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar ákvað ríkisstjórnin þann 15. febrúar 2005 að taka upp greiðslu umönnunarlífeyris, u.þ.b. 90.000 kr. á mánuði, sem verður greiddur til foreldra langveikra eða fatlaðra barna í allt að þrjá mánuði og í allt að níu mánuði ef barn veikist mjög alvarlega eða greinist með mjög alvarlega fötlun. Þá ákvað ríkisstjórnin að foreldrum verði gert kleift að nýta sér foreldraorlof þar til börn verða 18 ára. Óhætt er að segja að hér er um að ræða mikilvægt skref í að auka stuðning við foreldra langveikra barna. Það er líka mikilvægt að foreldrar geti haldið tengslum við vinnumarkaðinn, þó þeir þurfi að leggja tímabundið niður störf vegna veikinda barna sinna. ASÍ hefur samt haldið því fram, að stuðningurinn verði tekjutengdur og grundvallaður á samtryggingu allra landsmanna, fremur en ábyrgð einstakra foreldra, fyrirtækja eða sjúkrasjóða.





„Einn réttur – ekkert svindl“

Yfirskrift aðgerða ASÍ á 1. maí var „Einn réttur – ekkert svindl“. Þar með hófst átak Alþýðusambands Íslands og aðildarsamtaka þess gegn félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með erlentu verkafólki.

Markmið átaksins er að verja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir allt launafólk.

Átakið beinist gegn þeim atvinnurekendum sem misnota erlentu verkafólk og skapa sér þannig forskot í samkeppni.

Átakið beinist ekki gegn erlendu verkafólki sem komið hefur hingað til lands í góðri trú.

Átakið miðar að því að ljósra upp um og uppræta félagsleg undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki á íslenskum vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að:

Það **tapa** allir á félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki

Útlendingarnir **tapa** af því þeir eru hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað.

Launafólk **allt tapar** af því að félagsleg undirboð grafa undan kjörum og réttindum á vinnumarkaði.

Fyrirtækin **tapa** af því að félagsleg undirboð grafa und samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fara að leikreglum og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.



Samfélagið í heild **tapar** af því að félagsleg undirboð grafa undan velferðarkerfinu og því samfélagi sem við höfum byggt upp saman.

Tveir starfsmenn vinna að átakinu á skrifstofu ASÍ. Þeir taka við ábendingum um meint félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi og fylgja því eftir að gripið sé til viðeigandi ráðstafana.





Áhersla er lögð á að:

- Upplýsa erlenda verkafólkið um réttindi sín með útgáfu upplýsingarits á 10 tungumálum.
- Upplýsa atvinnurekendur sem hyggjast ráða erlent verkafólk um skyldur sínar og hvernig þeir geti hagað sínum málum í sátt við verkalýðshreyfinguna.
- Upplýsa íslenskt launafólk og allan almenning um mikilvægi þess að uppræta félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi.
- Koma upplýsingum um meint brot til stjórnvalda og eftirlitsstofnana.

Einnig hefur verið gefið út upplýsingarit ætlað atvinnurekendum og íslenskum starfsmönnum.

Þá er með átakanu lögð áhersla á að fyrirtæki ráði frekar erlenda starfsmenn beint en í gegnum starfsmannaleigur og fylgi íslenskum kjarasamningum og lögum.

Reynslan

Átakið hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð meðal félagsmanna í verkalýðshreyfingunni, frá samtökum útlendinga á Íslandi, fjölmiðlum og í samfélaginu almennt.

Starfsmenn átaksins hafa í samstarfi við aðildarfélög ASÍ heimsótt mikinn fjölda vinnustaða, þar sem upplýsingum hefur verið dreift og kjör og aðbúnaður erlendra starfsmanna verið lagfærður. Þá hafa einnig komið upp mál þar sem fyrirtæki sem hafa gerst brotleg hafa verið gerð opinber og þau kærð til þess bærri yfirvalda.

Nú er unnið að því að draga saman reynsluna að starfinu og móta tillögur um framhaldið. Þegar liggur fyrir krafa verkalýðshreyfingarinnar um að þegar verði sett lög sem hafi að markmiði að skapa nauðsynlegan ramma um starfsemi starfsmannaleiga og réttindi þeirra sem hjá þeim starfa.





Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ hefur nú verið starfrækt síðan vorið 2001. Hlutverk þess er að veita virkt aðhald í verðlagsmálum. Það er mikilvægur þáttur í að verja kaupmátt og velferð launafólks.

Stór hluti ráðstöfunartekna flestra heimila fer til matarinnkaupa og hefur verðlagseftirlitið því lagt sérstaka áherslu á að fylgjast með verðlagi á matvöru. Á árinu hafa verið gerðar nokkrar viðamiklar kannanir á matvöruverði og í samstarfi við fjölmörg aðildarfélög ASÍ var gerð könnun á matvöru sem náði til verslana um land allt. Áhersla hefur verið lögð á að koma upplýsingum úr matvörukönnunum fyrir sjónir almennings á aðgengilegan hátt. Þá var tekin upp sú nýbreytni að birta niðurstöður kannana jafnt með hefðbundnum hætti, þar sem borin eru saman verð á einstökum vörum milli verslana, sem og með þeim hætti að bera saman verð á vörukörfum milli verslana. Verðlagseftirlitið hefur auk þess staðið fyrir verðkönnunum á ýmsum öðrum vörum og þjónustu á árinu, svo sem eins og á lyfjum, ADSL-þjónustu, þjónustu efnalauga, sumarnámskeiðum, lífrænum matvörum, fartölvulánum og -tryggingum, tjaldsvæðum og dekkjaverkstæðum.

Verðlagseftirlitið hefur sett fram nokkrar greinargerðir þar sem fjallað hefur verið með ítarlegri hætti um ýmis verðlagsmál. Má þar nefna úttekt á hækkunum á gjaldsskrám hjá ríki og sveitarfélögum um sl. áramót. Þá var sett fram greinargerð um breytingar á kostnaði vegna



raforkunotkunar heimila í kjölfar breytinga á raforkulögum sem tóku gildi 1. janúar 2005. Áfram verður lögð áhersla á að upplýsa neytendur um raforkukostnað vegna þeirra breytinga sem væntalegar eru í upphafi árs 2006, þegar notendur geta sjálfir valið þann orkusala sem þeir skipta við. Gerð var úttekt á kostnaði barnafjölskyldna vegna leikskóla, skóladagvistunar og skólamáltíða í 13 stærstu sveitarfélögum.

Í ljósi sterkrar stöðu krónunnar undanfarin misseri hafa á árinu verið gerðar tvær úttektir á þróun á verðlagi innfluttra vara, í upphafi árs og nú á haustdögum og var niðurstaða beggja úttektanna sú að styrking krónunnar hafi ekki skilað sér í lægra vöruverði til neytenda í ákveðnum flokkum innfluttra vara





Jafnréttismál í forgrunni

Jafnréttis- og fjölskyldumál eru meðal þeirra málaflokka sem tengjast flestum þáttum í starfi Alþýðusambandsins, með beinum eða óbeinum hætti. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist í jafnrétti kvenna og karla eru fjöldamörg verkefni óunnin. Til að undirstrika áherslu Alþýðusambandsins á jafnréttismál, var á árinu ráðinn jafnréttisfulltrúi á skrifstofu ASÍ.

Það voru aðallega þrjú mál tengd jafnréttis- og fjölskyldumálum sem Alþýðusambandið lét til sín taka á starfsárinu; lögin um fæðingar- og foreldraorlof og framkvæmd þeirra, alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars og undirbúningur stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla fyrir ársfund 2005.

Eins og áður var mikið leitað til Alþýðusambandsins vegna framkvæmdar laganna um fæðingar- og foreldraorlof og túlkunar á einstökum ákvæðum laganna. Af því tilefni var upplýsingarit ASÍ um lögini tekið til ítarlegrar endurskoðunar og gefið út að henni lokinni, auk þess sem ritið var birt í heild sinni á vef ASÍ.

Að frumkvæði ASÍ árið 2002 var tekið upp samstarf helstu samtaka launafólks og annarra aðila sem hafa sérstaklega látið sig jafnréttismál varða. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna ár hvert 8. mars, hafa þessir aðilar staðið saman að ávarpi og opnum fundi þar sem fjallað er um jafnréttismál og mikilvægi vinnuframlags kvenna. Árið 2005 var yfirskrift fundarins Jafnrétti á vinnumarkaði – ábyrgð atvinnurekenda.

Unnið hefur verið að stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla fyrir ársfundinn 2005. Eitt af hlutverkum verkalyðshreyfingarinnar er að sjá til þess að markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé framfylgt. Vinna þarf markvisst með aðildarsamtökum ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla.





Miðstjórn Alþýðusambands Íslands

Miðstjórnin er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Hlutverk miðstjórnar er að móta stefnu og félagspólítiska afstöðu Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir ársfunda og einnig að bera ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði fyrir utan sumarleyfistíma. Miðstjórn hefur haft fjölmörg mál til umfjöllunar frá ársfundi 2004. Umfjöllun um félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi sem byggir á misnotkun á erlendu launafólki, var fyrirferðarmikil í starfi miðstjórnar á tímabilinu. Umræðan snerist um grundvallaratriði varðandi vinnumarkaðinn og mikilvægi þess að treysta réttindi launafólks og framkvæmdina í tengslum við þátttöku erlends launafólks á vinnumarkaði. Markmið miðstjórnar eru skýr, að erlent launafólk njóti sömu réttinda og kjara og íslenskt launafólk, en sé ekki notað til félagslegra undirboða á vinnumarkaði eða í svarta atvinnustarfsemi.

Efnahags- og kjaramál voru einnig fyrirferðarmikil þegar leið á tímabilið, enda ljóst að forsendur þeirra kjarasamninga sem voru gerðir á árinu 2004 myndu breyta. Það kæmi því til endurskoðunar á samningunum og mögulega myndi reyna á uppsögn þeirra í lok ársins. Þá var einnig fjallað um húsnæðismál og þá miklu hækkun sem hefur orðið á

íbúðarverði, tillögu að tilskipun Evrópusambandsins um þjónustuviðskipti og möguleg áhrif hennar hér á landi, málefni foreldra langveikra barna, endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga, málefni lífeyrissjóðanna, samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og málefni verkalýðshreyfingarinnar. Þessu til viðbótar hefur miðstjórnin ævinlega samskipti við fjölmarga aðila, samtök og stofnanir, innanlands og erlendis.

Nefndir á vegum miðstjórnar

Alþjóðanefnd

Atvinnumálanefnd

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Mennta- og útbreiðslunefnd

Kjara- og skattanefnd

Lífeyrisnefnd

Skipulags- og starfsháttarnefnd

Velferðarnefnd

Vinnumarkaðsnefnd

Forseti ASÍ er Grétar Þorsteinsson og er hann kosinn til ársfundar 2006. Varaforseti er Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og er hún kosin til ársfundar 2005.



Miðstjórn ASÍ

Björn Snæbjörnsson

Til ársfundar 2006

Finnbjörn A. Hermannsson

Til ársfundar 2006

Niels S. Olgeirsson

Til ársfundar 2006

Sigurður Bessason

Til ársfundar 2006

Stefanía Magnúsdóttir

Til ársfundar 2006

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Til ársfundar 2006

Guðmundur Gunnarsson

Til ársfundar 2005

Gunnar Páll Pálsson

Til ársfundar 2005

Jón Ingi Kristjánsson

Til ársfundar 2005

Kristján Gunnarsson

Til ársfundar 2005

Pétur Sigurðsson

Til ársfundar 2005

Sævar Gunnarsson

Til ársfundar 2005

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Til ársfundar 2005

Mímir – símenntun

Í dag er mikil þörf fyrir sérstök úrræði fyrir fólk með skemmri skólagöngu, þá sem hafa af einhverjum ástæðum fallið út af vinnumarkaði og nýbúa. Mímir – símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar.

Megintilgangur Mímis – símenntunar er alhliða fræðslustarfsemi með áherslu á fullorðinsfræðslu fyrir þá einstaklinga sem minnstu menntun hafa og fólk af erlendum uppruna sem vill læra íslensku. Í flestum tilvikum er fræðslustarfið skipulagt í samstarfi við stéttarfélög, fræðslusjóði eða fyrirtæki. Þá hefur verið gerður þjónustusamningur milli Mímis- símenntunar og fræðsludeildar ASÍ um námskeið fyrir trúnaðarmenn og almenn námskeið fyrir talsmenn stéttarfélaganna. Í september 2005 var gerður samstarfssamningur milli Mímis- símenntunar og Námsflokka Reykjavíkur, um þróun og kennslu í íslensku fyrir útlendinga.

Hjá Mími- símenntun er lögð áhersla á að mæta þeim sem námskeiðin sækja á jafnréttisgrunni, þannig að þekking þeirra og reynsla fái notið sín, að aðstaðan sé við hæfi fullorðinna og að kennarar hafi reynslu og þekkingu í að kenna fullorðnu fólk.


Tómstundanám skipar áfram veglegan sess í starfi Mímis – símenntunar og er markmiðið að bjóða upp á fjölbreytt úrval tómstundanámskeiða, til þess að auka gæði lífs og starfs. Stöðugt er lögð meiri áhersla á að fólk haldi áfram að læra allt lífið. Í þeirri þróun getur tómstundanám verið mikilvægur hlekkur og jafnvel lykill að áframhaldandi námi fyrir þá sem hafa skamma skólagöngu að baki.

Framtíðarsýn Mímis-símenntunar er að byggja upp öflugt fræðslufyrirtæki sem býður upp á námskeið við allra hæfi, m.a. að þróa og kenna starfsmenntunarbrautir í samstarfi við atvinnulífið sem jafnframt eru viðurkenndar af menntayfirvöldum



Útgefandi: Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1, 105 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson

Listasafn ASÍ



Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu í Reykjavík. Listasafnið var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu listaverkasafn sitt, um 120 myndir. Þannig lagði hann grundvöllinn að listasafninu en myndirnar eru flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Það var ósk Ragnars að stofnað yrði alþýðulistasafn sem kæmi listinni á framfæri til vinnandi fólks í landinu.

Listasafn ASÍ hefur alla tíð starfað með þetta að leiðarljósi. Það sérhæfir sig í að setja upp myndlistarsýningar á vinnustöðum og á stofnunum víða um land.

Fjölmargar sýningar eru haldnar á ári hverju í Listasafni ASÍ og við val á sýnendum er það stefna Listasafnsins að velja inn breitt þversnið af íslenskri myndlist og hönnun áhugaverðra og framsækinna listamanna.

Listasafn ASÍ er opið alla daga, nema mánudaga frá kl. 13 til 17.

Aðgangur er ókeypis.

